

376. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 28. júlí 2004 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Dagný Þórisdóttir, formaður
Eyþór Benediktsson,
Guðmundur Kristinsson,
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.

Formaður setti fund og fól bæjarstjóra fundarstjórn.

1. Fundargerðir nefnda.
 - 1.1. Hafnarnefnd, dags. 19.7.2004.
Fundargerð framlögð. Liður 2 tillaga að nýrri gjaldskrá fyrir Stykkishólmhöfn samþykkt. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.
 - 1.2. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 14.7.2004.
Fundargerð lögð fram. Liður 1,2,3,4,7,8,9 og 10 samþykktir. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.
 - 1.3. Fundargerð Fasteigna Stykkishólms ehf., dags. 13.7.2004.
Fundargerð lögð fram. Liðir 3,4 og 5 samþykktir. Bæjarstjóra falið að skrifa bréf til leigutaka til útskyringar. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.
2. Aðrar fundargerðir.
 - 2.1. Stjórn SSV, dags. 18.6.2004
 - 2.2. 715. fundur Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25.6.2004.
Fundargerðir framlagðar.
3. Ársskýrsla Byggðastofnunar 2003.
Ársskýrsla lögð fram.
4. Bréf forstöðumanns Félags- og skólajónustunnar dags 2.07.'04.
Framlagt.
5. Bréf sviðstjóra rekstrar- og útgáfusviðs SÍS dags. 5.07.'04.
Framlagt.
6. Fundargerð frá opnun tilboða í Hjallatanga II. áfanga og drög að verksamningi.
Samþykkt að ganga til samninga við lægstbjóðanda, þ.e. Palli Sig. Ehf. Einnig er samþykkt nauðsynleg efniskaup til framkvæmda samkvæmt tilboði.
7. Minnisblað Reynis Ragnarssonar endurskoðanda til bæjarstjóra vegna sölu fasteignar Hótelfélagsins Þórs ehf.
Bæjarstjóra og Reyni endurskoðanda er falið að ganga frá uppgjöri milli Hótelfélagsins Þórs ehf. og Stykkishólmbæjar á grundvelli valkost eitt í bréfi Reynis endurskoðanda. Bæjarstjóra falið að ávaxta peningana á sem vænlegasta hátt. Fjármunum verði varið til að standa undir byggingarkostnaði leikskóla á næsta ári.
8. Bréf Sigurjóns Jónssonar f.h. Skipavíkur ehf. dags. 19.07.'04.
Erindi framlagt og bæjarstjóra er falið að skoða málið fyrir næsta fund.
9. Samþykkt og gjaldskrá fyrir kattahald í Stykkishólmi.
Bæjarstjóra falið að vinna að samþykktum og gjaldskrá fyrir kattahald í Stykkishólmi og leggi þær fyrir bæjarráð.

10. Bréf Borgarverks ehf. dags. 9.07.'04

Framlagt.

11. Bréf Hlöllabáta ódagsett.

Framlagt. Erindinu vísað til “Dönsku daga” nefndar.

12. Lóðarumsóknir

a) Hjallatangi 32, Eggert Halldórsson.

Samþykkt að veita Eggert Halldórssyni lóðina að Hjallatanga 32.

b) Hjallatangi 24, Þórir Thorlacius.

Samþykkt að veita Þóri Thorlacius lóðina að Hjallatanga 24.

c) Laufásvegur 13, Berglind Þorbergsdóttir.

Samþykkt að Berglind Þorbergsdóttir yfirtaki lóðina að Laufásvegi 13 af Þ.B. Borg ehf.

13. Umsókn um vínveitingaleyfi.

Sumarliði Ásgeirsson sækir um vínveitingaleyfi til eins árs fyrir hönd veitingarstaðarins Fimm Fiska. Samþykkt að veita Sumarliða Ásgeirssyni vínveitingarleyfi.

14. Tilnefning í félags- og barnavarnanefnd Snæfellinga.

Tilnefnd er Helga Guðmundsdóttir, í stað Guðrúnar Mörtu Ársælsdóttur, sem flutt er úr Stykkishólmi, til vara er Gyða Steinsdóttir.

15. Tilnefning varamanns í skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms.

Tilnefndur er Sigurður Páll Jónsson, í stað Guðrúnar Mörtu Ársælsdóttur.

16. Atvinnumál.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir fundi sem hann og forseti bæjarstjórnar áttu við sjávarútvegsráðherra. Bæjarráð felur forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra að koma sjónarmiðum bæjarráðs á framfæri.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:10.

Þór Örn Jónsson bæjarritari